

## Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um eftirlit með greiðslum úr almannatryggingakerfinu.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Eru bótasvik og misferli heilbrigðisstarfsmanna á Íslandi talin sambærileg við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum þar sem þetta vandamál er alvarlegt og talið grafa undan velferðarkerfinu og tiltrú almennings á stjórnvöldum?
2. Hvernig er háttað eftirlitsstarfi Tryggingastofnunar ríkisins með réttmæti greiðslna til sérfræðinga fyrir veitta þjónustu eða greiðslu bóta til einstaklinga?
3. Eru lagaheimildir Tryggingastofnunar til eftirlits, upplýsingaöflunar og viðurlaga sambærilegar við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum? Ef ekki, í hverju liggur munurinn og hefur ráðherra hug á að efla heimildir Tryggingastofnunar til upplýsingaöflunar og viðurlaga?
4. Hversu margir starfsmenn Tryggingastofnunar sjá um eftirlit, upplýsingaöflun eða úrvinnslu mála ef grunur vaknar um misferli hvað varðar greiðslu fyrir þjónustu sérfræðinga eða bóta til einstaklinga í samanburði við sambærilega starfsemi, t.d. í Noregi og Svíþjóð?